

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Blönduóssbæ.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.700.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.700 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald, sem nemur útlögðum kostnaði kaupstaðarins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. apríl 2006.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.